

## Starfsreglur Slitastjórnar Sparisjóðabanka Íslands hf.

### 1. gr. Inngangur

Reglur þessar taka til starfsemi slitastjórnar Sparisjóðabanka Íslands hf., sem skipuð var af Héraðsdómi Reykjavíkur þann 19. maí 2008, skv. 4. tl. II. greinar ákvæða til bráðabirgða við lög nr. 44/2009, sbr. einnig ákvæði þeirra laga.

### 2. gr. Tilgangur

Starfsreglum þessum er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála og vandaða og óháða málsmeðferð. Tilgangur þeirra er að tryggja skýrleika í málsmeðferð.

### 3. gr. Umboð og verkefni slitastjórnar

Slitastjórn er skipuð eftir skriflegri beiðni skilanevndar Sparisjóðabanka Íslands banka hf., skv. 4. tl. II. greinar ákvæða til bráðabirgða við lög nr. 44/2009, til að sinna öðrum verkum en um ræðir í 3. tl. II. greinar ákvæða til bráðabirgða í sömu lögum. Að öðru leyti er vísað til ákvæða laga nr. 44/2009 og 21/1991, eftir því sem við á.

### 4. gr. Sérstakt hæfi slitastjórnarmanna

Slitastjórnarmaður telst m.a. vanhæfur til að taka ákvörðun um tiltekið málefni, sem kemur til umfjöllunar slitastjórnar, ef hann er:

- a) aðili að málinu eða fyrirsvarsmáður aðila,
- b) hann hefur gætt réttar aðila varðandi málefnið,
- c) hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um málefnið,
- d) hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,
- e) hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda aðila með þeim hætti sem segir í d-lið,
- f) hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið, mats- eða skoðunarmanni eða manni sem neitar að láta af hendi sönnunargagn,
- g) fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. (en þó ekki tæmandi talið):
  - a. ef málefnið varðar fyrirtæki sem slitastjórnarmaður á beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í, eða situr í stjórn hjá, eða á verulegra hagsmuna að gæta í,
  - b. ef málefnið tengist aðilum sem teljast fjárhagslega venslaðir slitastjórnarmanni,

Í tilvikum sem að ofan greinir, skal viðkomandi slitastjórnarmaður ekki taka þátt í meðferð málsins. Skal hann þá víkja af fundi og ekki fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu viðkomandi máls fyrr en afgreiðslu þess er að fullu lokið. Bóka skal í fundargerð að slitastjórnarmaður hafi vikið sæti og ekki fengið aðgang að gögnum málsins þessu til staðfestingar.

Slitastjórnarmenn skulu upplýsa slitastjórn um þá aðila sem tengjast þeim hagsmunatengslum, sbr. ofangreint. Slitastjórn tekur ákvörðun um hæfi í vafatilvikum, innan þess ramma sem lög leyfa.

Séu tveir slitastjórnarmenn vanhæfir skal sá þriðji taka ákvörðun í málinu. Séu allir slitastjórnarmenn vanhæfir skal óska eftir því að héraðsdómari skipi annan löghæfan mann til þess að taka ákvörðun í umræddu máli. Sama gildir ef aðeins tveir slitastjórnarmenn eru hæfir til þess að taka ákvörðun í máli, en atkvæði falla á jöfnu.

**5. gr. Meðferð á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn**

Vísað er til laga varðandi heimildir slitastjórnar til þess að afla upplýsinga um málefni Sparisjóðabanka Íslands. Svör við fyrirspurnum um einstök viðskipti eða viðskiptavini og afrakstur slíkrar upplýsingaöflunar skulu kynnt slitastjórn á fundum og bökuð í fundargerð.

**6. gr. Seta slitastjórnarmanna stjórnunum dótturfyrirtækja og hlutarfélaga**

Slitastjórnarmönnum skal heimilt að sitja í stjórn dóttur- eða hlutdeildarfélaga Sparisjóðabanka Íslands, ef nauðsyn krefur.

**7. gr. Meðferð viðskiptaerinda slitastjórnarmanna**

Öll viðskiptaerindi slitastjórnarmanna við Sparisjóðabanka Íslands, sem og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvári fyrir, skulu lögð fyrir slitastjórn til samþykktar eða synjunar.

Slitastjórn skal a.m.k. ársfjórðungslega kalla eftir, og fara yfir, upplýsingar um öll afgreidd viðskipti og kjör slitastjórnarmanna skv. þessari grein.

**8. gr. Um slitastjórn**

Slitastjórn tekur ákvarðanir með atkvæðagreiðslu og skal einfaldur meirihluti ráða niðurstöðu. Slitastóm er einungis ályktunarhæf ef meirihluti slitastjórnarmanna er mættur á fund hennar.

Slitastjórn skal halda fundargerð sem rituð skal sem fljótt sem kostur er eftir að fundi lýkur og staðfest af slitastjórn án tafar, að jafnaði á næsta fundi. Sérhverjum slitastjórnarmanni er heimilt að láta færa bókun í fundargerð.

Fundargögn skulu liggja fyrir hvern fund eins fljótt og auðið er.

Hver slitastjórnarmaður hefur heimild til að boða til fundar slitastjórnar.

Slitastjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri refsíabýrgð samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi og er óheimilt að nýta í atvinnuskyni upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu. Ákvæði þetta á ekki við ef dómari úrskurðar að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda er að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

**9. gr. Gildistaka**

Reglur þessar voru samþykktar á fundi slitastjórnar þann 30. júní 2009 og tóku þá gildi.

Andri Árnason hrl.

Berglind Svavarsdóttir hrl.

Tómas Jónsson hrl.